25. apríl 2019

Sent inn í Samráðsgátt stjórnvalda

Efni: Athugasemdir við drög að reglugerð um lokanir á veiðisvæðum á grunnslóð við Ísland

Undirritaðir, fh. Smábátafélags Reykjavíkur, Sæljóns – félag smábátaeigenda á Akranesi, Bárunnar – félag smábátaeigenda Hafnarfjörður Garðabær og Reykjaness – félag smábátaeigenda á Reykjanesi, ítreka hér með efni bréfa sem þeir sendu starfshópi um veiðarfæri, veiðisvæði og verndunarsvæði þann 5. mars og 22. maí 2018. Það eru þeim vonbrigði að sjónarmið þeirra hafi ekki átt meiri hljómgrunn en orðið er, við gerð draga að reglugerð um lokanir á veiðisvæðum á grunnslóð við Ísland.

Á síðustu árum hafa verið gríðarlegar breytingar á lífríkinu hér í Faxaflóa. Undirritaðir hvetja til að farið verði eftir tillögum starfshópsins um breytingar á viðmiðunarmörkum sem forsendur lokunar fyrir þorsk. Gangi það eftir er það tillaga okkar að fyrirhugaðar lokanir komi ekki til framkvæmda fyrr en reynsla hefur fengist af breyttum viðmiðunarmörkum.

Undirritaðir leggja áherslu á að ákveði ráðherra að undirrita reglugerð um lokun svæða, verði hún tímabundin og falli úr gildi tveimur árum eftir gildistöku.

Undirritaðir ítreka áður fram komið, að ekki verði lokað á veiðar með handfærum:

> Það er sameiginleg skoðun undirritaðra að lokanir veiðisvæða vegna handfæraveiða eigi aldrei rétt á sér. Handfæraveiðar eru ekki og geta ekki orðið vandamál sem vinnur gegn uppbyggingu fiskistofna á Íslandsmiðum.

Athugasemdir við greinar 2, 3, og 4.

2. gr.

Bann við veiðum með línu á sunnanverðum Faxaflóa

Leggjum til að tímabil lokunar verði stytt. Í stað 1. janúar – 1. mars komi 15. janúar – 20. febrúar. Rétt er að taka fram að skyndilokanir í Faxaflóa hafa á undanförnum á árum nánast engar verið. Einnig skal bent á að aldrei hafa verið settar á skyndilokanir í Kollafirði.

Tillaga okkar er að lokunarsvæði afmarkist af eftirtöldum punktum:

Svæði 1

1. 64°22,500´N – 21°46,00´V
2. 64°26,900´N – 21°28,000´V
3. 64°21,900´N – 21°20,300´V
4. 64°20,00´N – 21°31,00´V

Svæði 2

1. 64°15,400´N – 21°51,500´V
2. 64°13,00´N – 22°02,00´V
3. 64°17,500´N – 22°09,00´V
4. 64°19,00´N – 21°55,00´V

Svæði 3

1. 64°10,00´N – 22°00,00´V
2. 64°10,00´N – 22°03,200´V
3. 64°09,500´N – 22°05,500´V
4. 64°08,500´N – 22°06,700´V
5. 64°08,600´N – 22°08,500´V
6. 64°08,00´N – 22°10,00´V
7. 64°07,00´N – 22°12,00´V
8. 64°02,500´N – 22°07,00´V

3. gr.

Bann við veiðum með línu og handfærum vestur af Akranesi.

Ítrekuð er andstaða við öllum fyrirætlunum um lokun svæða fyrir veiðum með handfærum. Leggjum til að tímabil lokunar verði stytt, í stað 31. júlí komi 15. júlí.

4. gr.

Bann við veiðum með línu á Búðagrunni.

Lýst er ánægju með að handfæri skuli vera undanþegin í fyrirhugaðri lokun.

Virðingarfyllst

Jóhannes M. Simonsen
formaður Sæljóns

Þorvaldur Gunnlaugsson formaður
Smábátafélags Reykjavíkur

Guðbrandur Magnússon
formaður Bárunnar

Eyþór Reynisson
formaður Reykjaness